

**3382. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
29. ágúst 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga

Lagt fram. Málið verður til frekari umræðu á aukalandspingi Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 6. september næstkomandi og fulltrúar Akraness hafa þegar fengið boðsbréf og fundargögn til sín.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar á landsþinginu verða bæjarfulltrúarnir Valgarður L. Jónsson, Ragnar B. Sæmundsson, Rakel Óskarsdóttir og Sandra Sigurjónsdóttir en einnig sækir Sævari Freyr Þráinsson bæjarstjóri þingið.

2. 1905409 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2019

Sex mánaða uppgjör lagt fram.

Þorgeir H. Jónsson fjármálastjóri, Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri og Sigmundur Ámundason aðalbókari taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar fjármálastjóra fyrir vandaða vinnu og skýra framsetningu.

3. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023

Grunnforsendur ásamt tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2020. Sett fram til umræðu á þessu stigi málsins.

Þorgeir H. Jónsson fjármálastjóri, Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri og Sigmundur Ámundason aðalbókari sitja áfram á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Þorgeir H. Jónsson, Kristjana Helga Ólafsdóttir og Sigmundur Ámundason víkja af fundi.

4. 1908317 - Uppbygging nýs leikskóla

Tillaga um að fela sviðsstjórum Akraneskaupstaðar að mynda verkefnahóp í tengslum við byggingu nýs leikskóla á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir að fela sviðsstjórum Akraneskaupstaðar að mynda verkefnahóp sem skili tillögum um uppbyggingu nýs leikskóla til fagráða Akraneskaupstaðar eigi síðar en 1. nóvember næstkomandi.

5. 1812094 - Akranes ferja - flóasiglingar 2020

Minnisblað um næstu skref í ferjumálum milli Akraness og Reykjavíkur.

Sigurður Páll sviðsstjóri og Sædís Alexía verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Sigurður Páll og Sædís Alexía víkja af fundinum núna.

6. 1805195 - Tjaldsvæðið í Kalmansvík - samningur um leigu á landi undir rekstur

Rekstrarsamningur við núverandi rekstraraðila rennur úr 30. apríl 2020. Samningurinn var til tveggja ára með framlengingarheimild til eins árs.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

7. 1908241 - Óhapp við Byggðasafnið í Görðum árið 2016

Beiðni forstöðumanns menningar- og safnamála um viðbótarfjárheimild vegna óhapps við Byggðasafnið í Görðum.

Bæjarráð fellst á erindið.

Útgjöldunum, samtals að fjárhæð kr. 652.000, verður mætt af liðnum 20830-4995 og fært á 61310-4720.

8. 1908316 - Ráðning verkefnastjóra almannavarnarnefndar Vesturlands

Tillaga vegna ráðningarár verkefnastjóra í 50% stöðu hjá almannavarnarnefnd Vesturlands.

Bæjarráð samþykkir samkomulag sveitarfélaganna á Vesturlandi um tímabundna ráðningu starfsmanns til eins árs í 50% stöðu hjá almannavarnarnefnd Vesturlands en starfsmaðurinn mun hafa starfsaðstöðu hjá löggreglustjóranum á Vesturlandi.

Starfsmanninum er fyrst og fremst ætlað að vinna að gerð viðbragðsáætlana en í lögum um almannvarnir nr. 82/2008 er sú skylda lögð á sveitarfélög að vinna slíkar áætlunar til samræmis við hættumat í umdæmi þeirra.

Bæjarráð samþykkir, með vísan til 32. gr. laga um almannavarna nr. 82/2008, að gera ráð fyrir útgjöldum vegna ráðningarárinnar í fjárhagsáætlun ársins 2020 en gert er ráð fyrir að hlutur Akraneskaupstaðar sé samtals um kr. 1.050.000 en heildarkostnaður við verkefninið er áætlaður um 6,0 mkr.

9. 1902249 - Höfði - samningur um bókhald

Samkomulag milli Höfða og Akraneskaupstaðar um rekstur bókhalds Höfða.

Bæjarráð samþykkir samkomulag Akraneskaupstaðar og Höfða um að fjármálasvið kaupstaðarins annist færslu bókhalds heimilisins til reynslu til eins árs.

Markmiðið með verkefninu er að lækka kostnað samstæðu Akraneskaupstaðar en sá einstaklingur sem hafði verkefnið með höndum hjá Höfði fór á eftirlaun í maí síðastliðnum en ábyrgð á hluta verkefnisins hvíldi einnig á framkvæmdastjóra heimilisins. Aukið hefur verið tímabundið starfshlutfall núverandi verkefnastjóra á fjármálasviði til að hafa umsjón með verkefninu.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 10 að upphæð kr. 4.800.000 við fjárhagsáætlun ársins 2019, á lið 21400-1691, vegna ráðningu verkefnastjóra í 50 % starfshlutfall. Útgjöldum verður mætt með auknum tekjum 21400-0990 að sömu fjárhæð. Bæjarráð vísar samþykkt viðauka til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðun.

10. 1907052 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 4.-5. september 2019

Jafnréttisstofa í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Garðabæ boðar til landsfundar um

jafnréttismál sveitarfélaga dagana 4.-5. september 2019.

Lagt fram.

Bæjarráð hvetur bæjarfulltrúa og hlutaðeigandi starfsmenn sveitarfélagsins til að mæta.

11. 1908245 - Áskorun Samtaka grænkera á Íslandi vegna hamfarahlýnumar

Áskorun til umhverfisráðherra, ríkisstjórnar og sveitarfélaga Íslands frá Samtökum grænkera á Íslandi.

Lagt fram.

12. 1908323 - Nafngift á fristundamiðstöðinni við Garðavöll

Nýju húsnæði Akraneskaupstaðar við Garðavöll gefið formlegt nafn.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að setja fram hugmyndir í tengslum við að gefa "Fristundamiðstöðinni" við Garðavöll formlegt nafn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:20.

Ísia Þára Anna Ólafsson.

Valgðaði S. Ólafsson
Rural 'Osarsultir'

S-F

Sam Frøken
Anna Ólafsson